

13. gr.

Óheimilt er að framselja botnfiskaflamark þeirra loðnuskipa, sem rækjuveiðileyfi fá á árinu 1987.

Framsalsréttur vegna loðnuskipa skerðist um 25 lestir af loðnu fyrir hvert tonn af óskelflettri rækju, sem þau afla. Skerðing þessi miðast við loðnuvertíð er hefst í júlí 1987.

Réttur til þess að framselja botnfiskaflamark skipa, sem leyfi hafa til úthafs rækjuveiða árið 1987 og frysta afla um borð, skerðist um jafnmörg þorskígildistonn og nemur þyngd óskelfletts rækjuafra skipsins það ár. Framsalsréttur vegna annarra rækjuskipa skerðist um 1/2 þorskígildistonn fyrir hvert tonn af óskelflettri rækju sem þau afla. Skerðing þessi skiptist á botnfisktegundir miðað við þorskígildi, sbr. 15. gr. í sömu hlutföllum og aflamark.

14. gr.

Á árinu 1987 skulu loðnuskip aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki.

15. gr.

Við útreikning á takmörkun á rétti til framsals samkvæmt 13. gr. skal miða við þorskígildi samkvæmt leyfisbréfi til botnfiskveiða. Þegar þorskígildi er reiknað skal miðað við eftirfarandi verðmætishlutföll: þorskur 1.00, ýsa 1.10, ufsi 0.51, karfi 0.51 og grálúða 0.51.

16. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986-1987. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986-1987, til þess að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 450 30. október 1986, um aflamark helstu botnfisktegunda 1987.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. desember 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Sauðárkróks, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Sauðárkróki:

Skagfirðingabraut verður aðalbraut að gatnamótum Sauðárkróksbrautar, en vikur fyrir umferð um þá síðarnefndu.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 16. desember 1986.

Halldór Þ. Jónsson.